

ARÐSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Bolungavíkur.

Arður skiptist í 8 hluti, þannig:

Ós	$\frac{3}{8}$
Gil	$\frac{1}{8}$
Hanahóll	$\frac{1}{8}$
Mýdalur	$\frac{1}{8}$
Geirastaðir	$\frac{1}{8}$
Hóll	$\frac{1}{8}$

Arðskrá þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um útvarpsrekstur ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 68, 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Um skipulag og stjórn útvarps.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir einkarétt til að reka útvarp á Íslandi. Hún lætur starfrækja útvarpsstöð í Reykjavík, og má auka orku hennar eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin lætur reisa endurvarpsstöðvar annarsstaðar á landinu, eftir því sem ástæður krefjast. Um orkuaukningu Reykjavíkurstöðvarinnar og byggingu endurvarpsstöðva fer eftir ákvörðunum Alþingis í hvert sinn.

Stöðvarnar og starfræksla þeirra nefnist einu nafni: **Ríkisútvarpið** og ber undir kennslumálaráðuneytið.

10

24. jan.

2. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins skal tekin sem sérstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju.

Tekjum Ríkisútvarpsins og þeirra starfsgreina, sem reknar verða á vegum þess, má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar og útvarpsnota.

3. gr.

Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Skal honum falið að annast um allt, sem lýtur að rekstri útvarpsins, skrifstofuhaldi, daglegri umsjón og að hafa á hendi fjárreiður þess allar og reikningshald.

Kennslumálaráðherra skipar ennfreður aðra starfsmenn við Ríkisútvarpið og ákveður laun þeirra í samræmi við launakjör annara svipaðra starfsmanna ríkisins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri leitar álits og tillagna útvarpsráðs um val þeirra fastráðinna starfsmanna, sem vinna listræn störf og fræðslustörf við útvarpið.

4. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þrír þeirra og þrír til vara kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn og þrír og þrír til vara sömuleiðis kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum.

Kennslumálaráðherra skipar sjöunda mann í útvarpsráð, og er hann formaður þess.

II. KAFLI

Um kosningu af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð.

Almenn ákvæði.

5. gr.

Þegar eftir að kosning í útvarpsráð hefir farið fram á Alþingi, felur kennslumálaráðuneytið skrifstofu Ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda samkvæmt því, sem ákveðið er í reglugerð þessari.

Útvarpsstjóri hefir yfirumsjón með kosningunni og er formaður kjörstjórnar. Auk hans skipa kjörstjórn tveir menn, sem kennslumálaráðherra tilnefnir. Skal kosningu lokið, þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því er kosning í útvarpsráð fór fram á Alþingi.

6. gr.

Kostnaður, sem leiðir af kosningunni, greiðist af starfsfé Ríkisútvarpsins eftir reikningi, sem kennslumálaráðherra samþykkir.

Kjörlistar og framboðsfrestur.

10

24. jan.

7. gr.

Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn sex manna þeirra, er kjörgengir eru, og fylgi hverjum lista meðmæli að minnsta kosti 200 útvarpsnotenda. Ennfremur fylgi kjörlistum yfirlýsing þeirra manna, sem boðnir eru fram til kjörs, um að framboðið sé með þeirra samþykki.

Umboðsmenn kjörlista eru frambjóðendur listans og þeir, sem til þess hljóta vottfast umboð frambjóðanda.

8. gr.

Kjörgengur er hver sá útvarpsnotandi, sem greitt hefir lögmælt gjöld til Ríkisútvarpsins, er ekki fastráðinn starfsmaður þess og er búsettur í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að hann geti tekið þátt í störfum útvarpsráðs.

9. gr.

Þrír efstu menn á kjörlista teljast 1., 2. og 3. aðalmaður listans, en þrír hinir næstu teljast 1., 2. og 3. varamaður hans, þannig, að 4. maður er varamaður 1. manns, 5. maður varamaður 2. manns og 6. maður varamaður 3. manns.

10. gr.

Þegar eftir að kennslumálaráðuneytið hefir falið skrifstofu Ríkisútvarpsins að láta fara fram kosningu af hálfu útvarpsnotenda, gefur kjörstjórn út auglýsingu um kosninguna. Skal hún birt í Lögbirtingablaðinu, í útvarpinu og í viðlesnum blöðum.

11. gr.

Kjörlistum samkvæmt 7. gr. skal skilað eigi síðan en 14 dögum eftir að auglýsing um kosninguna hefir verið gefin út. Skal í auglýsingunni ákveðið um stað og stund, þegar afhending listanna á að fara fram í síðasta lagi. Formaður kjörstjórnar gefur út kvittun fyrir hverjum kjörlista samstundis og hann er afhentur. Skal á kvittuninni tilgreina nákvæmlega, hvenær afhending fer fram. Kjörlistar hljóta listabókstafina A, B, C, D o. s. frv. í þeirri röð, sem þeir koma fram. Skal á kvittun greina, hvaða bókstaf listinn hlýtur.

12. gr.

Nú hefir, að loknum umboðsfresti, komið fram aðeins einn kjörlisti með jafnmörgum og kjósa á, og ferst kosning þá fyrir, en kjörstjórn, að viðstöddum umboðsmönnum listans, úrskurðar hina framboðnu menn rétt kjörna í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda.

Fer þá um afgreiðslu á úrskurði kjörstjórnar til ráðuneytisins eftir því, sem fyrir er mælt í 38. gr.

Nú koma ekki fram við kosningu í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda

10 neinir kjörlistar, og ferst kosning þá fyrir. Skipar þá kennslumálaráðherra þrjá
24. jan. menn í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda til næstu fjögurra ára og þrjá til vara.

Kjörstaðir og kjörfrestur.

13. gr.

Forstöðumenn pósthúsa landsins (póstafgreiðslumenn og bréfhirðingar-
menn) skulu annast um atkvæðagreiðslu utan Reykjavíkur og eru kjörstjórar,
hver í sínu umdæmi, eftir þar um settum reglum, samkvæmt 20.—23. gr. Fer
atkvæðagreiðslan fram í afgreiðslustofum pósthússins og undir umsjá póstmanna.

Kennslumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum útvarpsstjóra, forstöðu-
mönnum pósthúsa þóknun fyrir starfið, og skal hún reiknast í hlutfalli við tölu
þeirra, er kosningarrétt hafa í umdæmi hvers um sig.

14. gr.

Í Reykjavík fer atkvæðagreiðsla fram í sérstakri kjörstofu undir umsjón
kjörstjóra, sem kjörstjórn skipar. Fer atkvæðagreiðsla þar að öllu leyti fram
eins og fyrir er mælt um kosningar á öðrum kjörstöðum.

15. gr.

Útvarpsnotendum skal veittur kjörfrestur allt að þrem vikum. Þó skal kosn-
ingu ávallt lokið, þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því, er kosning í útvarpsráð
fór fram á Alþingi.

Kjörgögn og afgreiðsla kjörgagna.

16. gr.

Þegar hinn auglýsti framboðsfrestur, samkv. 11. gr., er liðinn og kjörlistar
hafa borizt kjörstjórn, annast hún þegar um undirbúning kjörgagna. Kjörgögn
eru þau, sem hér greinir:

1. **Kjörskrá**, það er skrá yfir útvarpsnotendur þá, sem atkvæðaseðlar eru sendir.
2. **Kjörseðill**. Á hann eru prentaðir kjörlistar þeir, er borizt hafa, merktir bók-
stöfunum: A, B, C, D o. s. frv., samkvæmt 11. gr. Kjörseðill skal vera saman-
brotinn um miðju og límborin rönd á þrjá vegu, þannig gerð, að rífa megí af.
3. **Umslag kjörseðils**. Skal forsiða umslagsins lita þannig út:

Útvarpsnotandi:

Kjörseðill.

Kosning í útvarpsráð
19....

.....

Eiginhandar undirskrift kjósanda.

Það vottast, að ofanskráður útvarpsnotandi hefir í dag sjálf-
ráður, í einrúmi og á lögfullan hátt greitt atkvæði á póststofunni

(kjörstofunni) og gengið sjálfur frá kjörseðli sínum í þessu umslagi að mér ásjáandi.

10

24. jan.

Pósthúsið (bréfhirðingin)
(Kjörstofan)

..... 19....

Vitundarvottar:

.....
(Póst) stimpill og undirskrift kjörstjóra.

4. **Leiðbeiningar um kosninguna.** Í leiðbeiningunum skulu vera nákvæm fyrir-mæli um eftirgreind atriði:

- a) Um gæzlu kjörgagna.
- b) Um hversu kosning skuli fara fram, hversu gengið skuli frá kjörgögn-um að kosningu lokinni og um skrásetningu greiddra atkvæða.
- c) Um sendingu kjörgagna í pósti til skrifstofu Ríkisútvarpsins í Reykjavík.

Leiðbeiningar þessar skulu sendar á alla kjörstaði og skulu festar upp þar, sem kjósendur eiga hægt með að kynna sér þær.

17. gr.

Þegar kjörgögnin hafa borizt á kjörstaði, auglýsir kjörstjórn í útvarpinu um kosninguna og um kjörfrest. Skal auglýsingin endurtekin svo oft, sem þurfa þykir, og eigi sjaldnar en fimm sinnum.

Jafnskjótt sem lokið er prentun kjörgagna, annast kjörstjórn um afgreiðslu þeirra á alla kjörstaði í landinu. Skal afgreiðslu þeirra hagað eins og hér segir: Kjörseðlarnir skulu flokkaðir samkvæmt útvarpsnotendaskrá Ríkisútvarpsins, þannig, að til hvernar póststofu, póstafrangi og bréfhirðingar utan Reykjavíkur séu sendir atkvæðaseðlar allra útvarpsnotenda, er kosningarrétt hafa, í undæmi hvernar fyrir sig. Jafnframt er nafn og heimilisfang hvers útvarps-notanda stimplað á hornreit umslagsins. Kosningarrétt hafa þeir, sem skráðir eru útvarpsnotendur við afgreiðslu kjörgagna og greitt hafa lögmælt gjöld til Ríkisútvarpsins, sbr. 8. gr.

Útvarpsnotandi hver hefir aðeins eitt atkvæði, og eins þó hann sé skráður eigandi að fleiri viðtækjum en einu. Eigi verður farið með atkvæði vegna við-tækis ríkisstofnunar, skóla, sjúkrahúss, líknarstofnunar eða annarar stofnunar, sem reist er af almannafé eða samskotafé, né heldur skips, atvinnustofnunar eða annarar félags- eða einkastofnunar, hverju nafni sem nefnist.

Heimilt er fulltrúum kjörlista að hafa eftirlit með afgreiðslu kjörgagna.

Kosningarathöfn.

18. gr.

Þegar kjörgögnin hafa borizt á kjörstaði, auglýsir kjörstjórn í útvarpinu um kosninguna og um kjörfrest. Skal auglýsingin endurtekin svo oft, sem þurfa þykir, og eigi sjaldnar en fimm sinnum.

10

24. jan.

Útvarpsnotandi, sem óskar að neyta kosningarréttar síns, skal, áður en liðinn er auglýstur kjörfrestur, gefa sig fram á pósthöfu þeirri, póstaðgreiðslu eða bréfhirðingu, sem hefir með höndum pósthil hans, og lýsa yfir því fyrir pósthmanni, að hann óski að neyta kosningarréttar síns við kosningu í útvarpsráð.

Nú er útvarpsnotandi fjarverandi frá heimili sínu og byggðarlagi eða sjúkurl, og lagt er fram læknisvottorð um, að hann komizt ekki á kjörstað og geti ekki neytt atkvæðisréttar síns áður en auglýstur kjörfrestur er liðinn, og er honum þá heimilt, með skriflegu, vottföstu umboði eða með staðfestu símskeyti, að fela nánasta vandamanni sínum eða þeim öðrum heimilismanni, er hann treystir, að neyta atkvæðisréttarins fyrir sína hönd. Skrifar þá sa, er með atkvæðið fer, nafn sitt á forsiðu umslagsins og undir það orðin: „Samkvæmt umboði“, enda skal umboðið lagt í umslagið ásamt atkvæðaseðlinum.

Umboð, gefið utanheimilismanni, er ógilt.

20. gr.

Póstmaður afhendir þá samstundis kjósandanum kjörseðil í opnu umslagi því, sem ber ástimplað nafn og heimilisfang hans, samkv. 17. gr. Víkur þá kjósandinn afsiðis eða í sérstaka kjörstofu og greiðir atkvæði sitt án þess að nokkur annar geti séð eða orðið áskynja, hvernig atkvæði hans fellur.

21. gr.

Kjósandinn greiðir síðan atkvæði á þann hátt, að hann setur með blýanti kross $\times$ framan við bókstaf þess lista, sem hann óskar að kjósa. Síðan brýtur hann saman kjörseðilinn á sama hátt og hann var áður brotinn, vætir hina lím-bornu rönd og límir saman. Síðan stingur hann atkvæðaseðlinum, þannig sam-anlímdu, í umslagið, að pósthmanni ásjáandi, og ritar loks nafn sitt framan á umslagið, á þar til setta línu. Síðan afhendir hann pósthmanni umslagið.

Nú óskar kjósandi aðstoðar vegna sjóndepru eða vegna þess, að hann af öðrum ástæðum getur ekki skrifað nafn sitt. Kveður hann þá til þann, sem hann óskar sér, til aðstoðar og handsalar honum umboð til atkvæðagreiðslunnar og til þess að rita nafn sitt. Skulu þá jafnan kvaddir til vottar, og rita þeir aftan á umslag kjósandans vottorð um, að atkvæðagreiðslan hafi farið fram samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

22. gr.

Þegar kjósandinn hefir greitt atkvæði og afhent pósthmanni kjörseðilsumslag sitt, vottar póstmaðurinn með undirskrift sinni og pósthstimpli á forsiðu umslagsins, ásamt tveimur vitundarvottum, að kosningin hafi farið fram á lögfullan hátt.

23. gr.

Þegar lokið er afgreiðslu kjósandans, vottar póstmaður um kosninguna við nafn hans á kjörskrá, sem um ræðir í 1. tölulið 16. gr.

24. gr.

10

Umboðsmönnum kjörlista er, hvenær og hvar sem kosið er, heimilt að kynna sér kjörskrár og hafa eftirlit með því, að kosningin fari fram samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. 24. jan.

Varðveizla og skil kjörgagna.

25. gr.

Póstmönnum, sem hafa umsjón með kosningu í útvarpsráð, og kjörstjórn í Reykjavík, svo og öllum trúnaðarmönnum ríkisstjórnarinnar við kosningu þessa, ber að láta kjörgögn öll sæta sömu varðveizlu og önnur ábyrgðar- og trúnaðarskjöl og gæta um framkvæmd kosningarinnar, varðveizlu og skil kjörgagna, fyllstu árvekni, reglusemi og stundvísi.

26. gr.

Jafnskjótt sem hinn auglýsti kjörfrestur er liðinn, endursenda forstöðumenn pósthúsa öll kjörgögn til skrifstofu Ríkisútvarpsins í Reykjavík. Skulu atkvæðaseðlar þeirra útvarpsnotenda, sem neytt hafa kosningarréttar, ásamt kjörskrá, áritaðri á fyrirskipaðan hátt, látið í einar umbúðir, en hinir ónotuðu seðlar sér. Síðan skulu öll kjörgögnin lätin í einar umbúðir, innsiglaðar og sendar í ábyrgðarpósti. Auk utanáskriftar til skrifstofu Ríkisútvarpsins skal rita á póstsendingar þessar orðin: **Kosning í útvarpsráð.**

27. gr.

Bréfaþóststofan í Reykjavík færir póstsendingar þessar við móttöku í sérstaka póstkvittunarbók og fær við afhendingu þeirra kvittun formanns kjörstjórnar eða umboðsmanns hans. Þegar talning atkvæða fer fram, á kjörstjórn og umboðsmenn kjörlista aðgang að þessari póstkvittunarbók.

Talning atkvæða.

28. gr.

Þegar hinn auglýsti kjörfrestur er liðinn, ákveður kjörstjórn hæfilegan frest, og eigi styttri en 3 vikur, til þess að kjörgögn fái komizt til skila. Síðan auglýsir hún, með að minnsta kosti tveggja daga fyrirvara, um stað og stund, þegar talning atkvæða á að fara fram.

29. gr.

Við talningu atkvæða kveður kjörstjórn til aðstoðarmenn eftir samkomulagi. Heimilt er umboðsmönnum kjörlista að fylgjast með talningunni.

Talning atkvæða hefst með því, að póstsendingar eru bornar saman við póstkvittunarbók, sem um getur í 27. gr.

10

24. jan.

Talningin hefst með því, að innsigli hverrar póstsendingar er brotið. Kjörseðlar þeir, sem ekki hafa verið notaðir, skulu teknir frá og lagðir til hliðar.

Síðan skal bera umslög notaðra kjörseðla nákvæmlega saman við kjörskrár. Þar næst skal bera þau saman við skrá Ríkisútvarpsins yfir þá menn, sem ekki hafa greitt lögmælt gjöld til Ríkisútvarpsins. Eru atkvæði þeirra ógild. Það teljast í reglugerð þessari vangreiðslur á lögmæltum gjöldum, ef ólokið er gjöldum, eldri en frá áramótum síðustu, áður en talning fer fram.

Að þessu loknu skulu umslög þeirra atkvæða, er til talningar koma, opnuð, atkvæðaseðillinn dreginn úr hverju umslagi og látinn í atkvæðakassa, nægilega stóran til þess að rúma vel alla atkvæðaseðlana.

31. gr.

Gildir eru þeir atkvæðaseðlar, þar sem merkt er aðeins við einn lista. Ekki er seðill ógildur, þótt merkt sé víðar en á einum stað við sama lista eða annarsstaðar en við listabókstafinn, ef ekki þykir orka tvímælis um það, hvern lista kjósendinn hefir ætlað að kjósa.

32. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnarinnar um það, hvort atkvæðaseðill skuli metast gildur, og ræður þá afl atkvæða úrslitum.

33. gr.

Þegar lokið er talningu atkvæða, eru talin saman atkvæði þau, er hver kjörlisti hefir hlotið. Fer þá um tölu kosinna manna af hverjum lista eftir venjulegum reglum um hlutfallskosningu hér á landi. Eru þeir kosnir í þeirri röð, sem þeir eru á listanum, enda hafa tilfærslur nafna og útstrikanir ekki áhrif á röðina.

34. gr.

Nú falla jöfn atkvæði á tvo eða fleiri kjörlista, og ræður þá hlutkesti úrslitum.

35. gr.

Kæfur yfir kosningunni, sem berast kunna, sendir kjörstjórn ráðherra með rökstuddum tillögum til úrskurðar.

36. gr.

Atkvæði, sem berast kunna frá kjörstöðum, eftir að talningu atkvæða er lokið, skulu lögð óhreyfð með öðrum kjörgögnum í skjalasafn ríkisins.

37. gr.

Formaður kjörstjórnar lýsir úrslitum kosningar. Þeir, sem kosningu hljóta, teljast 1., 2. og 3. landkjörinn maður í útvarpsráð. Fer þá um varamenn eftir því, sem fyrir er mælt í 9. gr. reglugerðar þessarar.

38. gr.

10

Að lokinni kosningu sendir kjörstjórnin kennslumálaráðuneytinu útskrift úr gerðabók kjörstjórnar með yfirlýsingu um það, hverjir séu réttkjörnir af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð, samkvæmt úrslitum kosningarinnar.

Kennslumálaráðherra gefur síðan út skipunarbréf til handa hinum kjörnu mönnum til næstu fjögurra ára og ákveður þóknun þeirra fyrir störfin.

39. gr.

Nú hverfa frá störfum í útvarpsráði, um stundarsakir eða að fullu, aðalmaður á lista og sömuleiðis varamaður hans, og tekur þá við störfum næsti aðalmaður af sama lista, og svo koll af kolli.

III. KAFLI

Um störf útvarpsráðs.

40. gr.

Útvarpsráðið tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum, og leggur fullnaðarsamþykki á dagskrá áður en hún kemur til framkvæmda. Það setur reglur um fréttaflokkning útvarpsins og aðrar þær reglur, er þurfa þykir, til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og fyllsta óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum.

41. gr.

Útvarpsráðið kemur saman á fundi svo oft, sem þurfa þykir, og að jafnaði einu sinni í viku hverri. Teljast það reglulegir fundir útvarpsráðs. Formaður boðar fundi og stýrir þeim. Fundi skal boða með sólarhrings fyrirvara hið skemmsta, nema svo sérstaklega standi á, að nauðsyn beri til að kalla útvarpsráð saman með skemmri fyrirvara. Skyld er formanni að kveðja til aukafundar, ef útvarpsstjóri eða tveir menn úr útvarpsráði æskja þess.

Fundur er lögmætur, ef fjórir útvarpsráðsmenn eru viðstaddir eða fleiri.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefir þar málfrelsi og tillögu-rétt, en ekki atkvæðisrétt. Hann getur skotið ákvörðunum útvarpsráðs, þeim, er mjög varða fjárhag stofnunarinnar, undir úrskurð ráðuneytisins.

Útvarpsráðið velur sér ritara innan ráðsins. Ritari færir í gerðabók ályktanir ráðsins og annað það, er máli þykir skipta, af því, sem fram fer á fundum. Nafnakall skal hafa við atkvæðagreiðslur, ef einhver útvarpsráðsmanna eða útvarpsstjóri óska þess. Skal þá ágreiningsefnið, svo og atkvæðagreiðslan, fært í gerðabókina.

Gerðabók skal lesa í lok fundar eða í upphafi næsta fundar. Formaður og ritari undirskrifa gerðabókina, er hún hefir náð samþykki fundar.

Nú fer útvarpsráðsmaður úr bænum eða forfallast á annan hátt frá störf-

- 10 um í útvarpsráði 3 vikur eða lengur, og skal þá kveðja varamenn til starfs út-
 24. jan. varpsráðs, meðan aðalmaður er fjarverandi. Farfallist formaður útvarpsráðs, til-
 nefnir kennslumálaráðherra mann til að gegna störfum hans á meðan.

42. gr.

Útvarpsráðið tekur, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert, höfuðákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað á næsta ári. Jafnframt gerir það tillögur til útvarpsstjóra um kostnað við dagskrá, en útvarpsstjóri leitar samþykkis ráðuneytis um kostnaðinn. Útvarpsráðið leggur tillögur sínar um tilhögun dagskrár fyrir ráðuneytið til samþykktar.

Útvarpsráðið skiptir með sér verkum eftir því, sem henta þykir, og getur falið nefndum, kosnum innan útvarpsráðs, að hafa með höndum sérstaka flokka útvarpsefnis. Tillögur og ályktanir nefnda skulu lagðar fyrir útvarpsráðið í heild til samþykktar.

Dagskrá skal í höfuðdráttum samin með að minnsta kosti 4 vikna fyrirvara á hverjum tíma. Fullnaðardagskrá skal gera fyrir hverja viku í senn, og skal hún gefin út eigi síðan en fimmtudag hinn næsta á undan, en birt í útvarpinu á föstudag næstan á undan.

43. gr.

Útvarpsstjóri annast um skrifstofuhald til undirbúnings og útgáfu dagskrár. Hann gerir, að fengnu áleti og tillögum útvarpsráðs, tillögu til ráðherra um skipun skrifstofustjóra útvarpsráðs og gætir þess, að skrifstofu útvarpsráðs sé á hverjum tíma veitt sú aðstoð, er þurfa þykir, við afgreiðslur, samningagerðir, undirbúning dagskrár og útgáfu hennar.

44. gr.

Nú forfallast maður, sem flytja á útvarpsefni, eða önnur ófyrirséð atvik raska framkvæmd dagskrár, og getur þá útvarpsstjóri eða skrifstofustjóri útvarpsráðs, í samráði við formann útvarpsráðs, gert nauðsynlegar ráðstafanir um framkvæmd dagskrárinnar.

45. gr.

Útvarpsráð setur í samráði við útvarpsstjóra gjaldskrá fyrir flutning útvarpsefnis. Formaður útvarpsráðs og útvarpsstjóri ákveða greiðslur samkvæmt gjaldskránni. Rísi ágreiningur um slíkar ákvarðanir, skal hann lagður undir úrskurð útvarpsráðs á fundi.

IV. KAFLI

Um frétt aflutning.

46. gr.

Fréttir þær, sem Ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera mengaðar neinskonar ádeilum eða hlutsömum umsögnum um

einstakar stjórnmalastefnur, stjórnmalaflokka, stefnur í almennum málum, félagsheildir, atvinnustofnanir eða einstaka menn.

10
24. jan.

47. gr.

Ekki mega í fréttum útvarpsins felast neinskonar auglýsingar né tilkynningar aðrar en þær, sem varða sjálfar fréttirnar.

48. gr.

Ekki mega í fréttum útvarpsins felast ádeilur á útvarpið sjálft, enda hvorki lof né last um útvarpsstarfsemina eða einstaka starfsmenn útvarpsins.

49. gr.

Við skráningu almennra fréttu Ríkisútvarpsins skal þess ávallt sérstaklega gætt, að heimildir fyrir hverri fregn séu sem fyllstar og að þær séu óyggjandi, og skal heimilda jafnan getið. Ekki mega í fréttum útvarpsins vera tilgátur eða ágizkanir um atburði eða staðreyndir, og skal fremur skjóta á frest að greina frá atburðum eða jafnvel frétt falla niður, heldur en að eiga það á hættu, að fregnir verði bornar til baka.

V. KAFLI

Um hagnýtingu útvarps.

50. gr.

Útvarpsviðtæki má ekki nota til viðtöku á öðru en útvarpsefni. Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskeyti, má ekki flytja slíkar fregnir öðrum og heldur ekki hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

Útvarpsviðtæki telst í reglugerð þessari hvert það tæki, sem hagnýtt er til viðtöku útvarpsefnis, þar með talið gjallarhorn, sem hagnýtt er með línu frá öðru heimili.

51. gr.

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, til dæmis með upptöku þess á hljómplötur (grammófón) eða með útgáfu á prenti.

52. gr.

Heimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpið eftir vild með línunum til fleiri gjallarhorna og heyrnartækja, en aðeins innan síns heimilis, skips, samkomusalar o. þvil. En sé viðtækið notað með línunum til annara heimila, greiðir hvert heimili fullt afnotagjald. Útvarpsnotendum er heimilt að taka viðtæki með sér í ferðalög, án þess að greiða aukaafnotagjald af þeim þess vegna.

10

24. jan.

53. gr.

Útvarpsnotandi er á hverjum tíma háður ákvæðum laga og reglugerða um eftirlit með hagnýtingu raforku og útvarpsviðtækja.

Eftirlitsmenn útvarpsins, landssímans og rafmagnsstjórnarinnar á hverjum stað, skulu hafa óhindraðan aðgang til eftirlits með útvarpsviðtækjum og hlutum slíkra tækja og allri hagnýtingu rafmagns í sambandi við útvarpsviðtæki, samkvæmt 68. gr.

54. gr.

Bústaðaskipti skulu samstundis tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins.

55. gr.

Útvarpsnotandi, sem ákveður að hætta útvarpsnotum, skal tilkynna það skrifstofu Ríkisútvarpsins eða innheimtumönnum hennar eigi síðar en 15. des., og er uppsögnin þá bundin við næstu áramót. Óski útvarpsnotandi að segja upp útvarpsnotum fyrir á árinu, skal hann gera það fyrir 15. júní, og er þá uppsögnin bundin við 30. júní sama ár. Óheimilt er útvarpsnotanda, sem hefir sagt upp útvarpsnotum, nema hann tilkynni útvarpsnot að nýju, að hagnýta sér útvarpið, og er hann þá háður fyrir mælum laga um refsingar fyrir óheimila notkun útvarps.

56. gr.

Útvarpsnotandi, sem selur eða lætur á annan hátt af hendi viðtæki sitt til annars manns, skal samstundis tilkynna það Ríkisútvarpinu og greina nafn og heimilisfang viðtakanda.

VI. KAFLI

Um innheimtu afnotagjalds fyrir útvarp.

Um gjaldskyldu útvarpsnotenda.

57. gr.

Til þess að standa straum af rekstri útvarpsins skal greiða til þess árlegt afnotagjald af hverju útvarpsviðtæki í landinu. Kennslumálaráðherra ákveður afnotagjaldið um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

58. gr.

Óheimilt er hverjum manni að hagnýta sér útvarp, nema viðtæki hans hafi verið skráð og tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins. Hvert það viðtæki, sem ekki er tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til Ríkisútvarpsins.

Skýrslugerð Viðtækjaverzlunarinnar og umboðsmanna hennar telst nægileg tilkynning um þau viðtæki, er hún selur. Viðtæki, sem keypt eru af öðrum en

Viðtækjaverzluninni eða umboðsmönnum hennar, ber að tilkynna samstundis til skrifstofu Ríkisútvarpsins, samkvæmt 56. gr.

10
24. jan.

59. gr.

Gjalddagi afnotagjalds fyrir útlarp er 1. april.

Um innheimtuskipulag og innheimtugögn.

60. gr.

Í Reykjavík annast innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins innheimtu afnotagjaldanna. Utan Reykjavíkur er póststofum og póstaígreiðslum landsins falið að innkalla gjöldin, samkvæmt ákvæðum í reglugerð þessari og nánari fyrirmælum útlarpsstjóra.

61. gr.

Fyrir 15. marz ár hvert sendir innheimtuskrifstofa Ríkisútvarpsins póststofum og póstaígreiðslum innheimtugögn þau, er varða innheimtu afnotagjalda í umdæmi póststofunnar eða póstaígreiðslunnar. Meðal innheimtugagna skulu vera:

1. Innheimtuskrá í tveimur eintökum yfir alla útlarpsnotendur í póstumdæminu.
2. Kvittun fyrir afnotagjaldinu í tölumerktum reitum I.—III. Á eyðublaðið skal prentað:
 - a. Nafn og heimili gjaldanda.
 - b. Fjárhæð gjaldsins, gjaldár og gjalddagi.
 - c. Reglur um hagnýtingu og almenn not útlarpsins.
 - d. Aðrar helztu leiðbeiningar fyrir útlarpsnotendur.
3. Skýrsluform yfir innheimt afnotagjöld fyrir hvern mánuð.
4. Leiðbeiningar um innheimtuna.

Um innheimtu og skil pósthúsa.

62. gr.

Hverjum útlarpsnotanda utan Reykjavíkurkaupstaðar ber að greiða afnotagjald á póststofu eða póstaígreiðslu þess póstumdæmis, þar sem hann er búsettur.

Um leið og greiðsla fer fram, fær gjaldandi afhentan eyðublaðshluta III, eyðublað nr. 2, með áritaðri kvittun póststofunnar eða póstaígreiðslunnar.

63. gr.

Póststofur og póstaígreiðslur færa innheimt afnotagjöld jafnhraðan og þau innheimtast á skrá yfir innheimt afnotagjöld, eyðublað nr. 6. Jafnframt kvitta þær fyrir gjaldinu á báðum eintökum innheimtuskrár póstumdæmisins, eyðublað nr. 3.

10 Í lok hvers mánaðar senda póststofur og póstafgreiðslur landsins póst-
24. jan. málaskrifstofunni í Reykjavík skrá um innheimt afnotagjöld í mánuðinum, eyðublað nr. 6, og færa hinar innheimtu upphæðir póstsjóði til tekna í reikningum sínum eða senda greiðslur samkv. nánari fyrirmælum póststjórnarinnar. Skránni skal fylgja eyðublaðshluti II af kvittun fyrir innheimt afnotagjöld. Eyðublaðshluta I heldur innheimtumaður eftir í skjölum sínum.

Heimilt er póststofum og póstafgreiðslum að leita aðstoðar bréfhirðinga um innheimtuna, ef þeim, vegna fjarlægðar eða örðugra samgangna, þykir ástæða til. Fer um þá innheimtu eftir samkomulagi milli innheimtumanns og bréfhirðingarmanns, enda sé hún framkvæmd á ábyrgð póstmeistara eða póstafgreiðslumanna. Rísi ágreiningur, fellur hann undir úrskurð útvarpsstjóra.

64. gr.

Póstmálaskrifstofan í Reykjavík tekur í byrjun hvers mánaðar saman yfirlit um innsendar innheimtuskýrslur pósthúsa og færir á skrá, eyðublað nr. 5. Síðan greiðir hún skrifstofu Ríkisútvarpsins hinar innheimtu upphæðir, samkvæmt innheimtuskýrslum hvers mánaðar, og fær kvittun fyrir.

65. gr.

Póststofur og póstafgreiðslur færa í athugasemdadálk á báðum eintökum innheimtuskrár allar breytingar, sem verða á heimilisfangi útvarpsnotenda, útvarpsnotum þeirra og gjaldskyldu, samkvæmt ákvæðum í reglugerð þessari. Breytingar þessar og athugasemdir skal færa jafnskjótt sem þær koma fram, enda skulu þær jafnhraðan tilkynntar innheimtuskrifstofu Ríkisútvarpsins.

66. gr.

Póststofur og póstafgreiðslur skulu hafa gert fullnaðarskil innheimtunnar, samkvæmt 63. gr., eigi síðar en 15. nóv. ár hvert.

Jafnframt ber þeim að senda til innheimtuskrifstofu Ríkisútvarpsins í Reykjavík, eigi síðar en 15. nóv., annað eintak innheimtuskrárinnar með árituðu greiðsluvottorði, leiðréttingum og athugasemdum.

Öll skjöl og verðmæti varðandi innheimtuna skulu send í ábyrgðarpósti.

Kennslumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum útvarpsstjóra, póstafgreiðslumönnum þóknun fyrir innheimtustörfin.

Um ráðstafanir vegna vanskila.

67. gr.

Verði afnotagjöld af útvarpi ekki greidd innan mánaðar frá því, er þau falla í gjalddaga, er heimilt að taka þau lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885.

68. gr.

Heimilt er útvarpsstjóra, hvenær sem er, eftir 1. maí, að gera ráðstafanir til þess að láta taka úr notkun og innsigla viðtæki þeirra útvarpsnotenda, sem

ekki hafa greitt afnotagjöld sín fyrir þann tíma. Er þá óheimilt að rjúfa inn-
siglið eða taka viðtækið eða önnur viðtæki í notkun, nema leyfi Ríkisútvarpsins
eða umboðsmanns þess komi til.

10
24. jan.

Mönnum þeim, sem eru í þjónustu Ríkisútvarpsins þessara erinda, skal
heimilt að fara talmunarlaust um lönd manna og hús, enda fari þeir ekki um
hibýli manna á helgum dögum og ekki fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að
kvöldi virka daga.

Um innsiglun viðtækja.

69. gr.

Þegar útvarpsstjóra þykir ástæða til, gefur hann út umboð til póstméistara,
póstafgreiðslumanna og annara innheimtumanna, til þess að taka úr notkun og
innsigla viðtæki þeirra manna, sem ekki greiða afnotagjöld sín á tilskildum tíma.

Jafnframt gefur hann nánari fyrirsmáli um það, hvenær innsiglun skuli
koma til framkvæmda í hverju póstumdæmi.

70. gr.

Þegar ákveðið hefir verið að innsigla viðtæki, skal eiganda tækisins tilkynnt
það skriflega með að minnsta kosti viku fyrirvara. Greiði hann ekki gjaldið á
þeim tíma, skal tækið tekið úr notkun og innsiglað samkvæmt nánari reglum,
er útvarpsstjóri setur.

Nú er, vegna vanskila útvarpsnotanda, viðtæki hans tekið úr notkun og sett
undir innsigli, og skal þá eigandi viðtækisins greiða innsiglunargjald, er ákveðst
kr. 2 í kaupstöðum og sjávarþorpum, en kr. 5 í sveitum.

Jafnskjótt sem viðtæki hefir verið innsiglað, skal það tilkynnt innheimtu-
skrifstofu Ríkisútvarpsins bréflega. Útvarpsstjóri gerir þá ráðstafanir til þess
að hin ógreiddu gjöld verði innheimt með lögtaki á kostnað gjaldanda svo fljótt,
sem ástæður leyfa.

Þegar hin ógreiddu gjöld hafa verið innheimt með lögtaki eða á annan hátt,
skal jafnskjótt taka viðtæki undan innsigli og setja það aftur í notkun.

Nú falla niður útvarpsnot vegna innsiglunar viðtækis af framangreindum
ástæðum, og er þá útvarpsnotandi eigi að síður gjaldskyldur fyrir þann tíma,
sem viðtækið er undir innsigli vegna vanskila frá hans hendi.

Nú rýfur útvarpsnotandi innsigli Ríkisútvarpsins, og varðar það þá refsingu
samkvæmt refsíákvæðum laga um útvarpsrekstur ríkisins nr. 68, 28. des. 1934,
nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um uppsögn útvarpsnota og niðurfall afnotagjalds.

71. gr.

Hver sá maður, sem er eigandi viðtækis 1. jan. og hefir ekki sagt upp né
segir upp útvarpsnotum, samkv. 55. gr., telst útvarpsnotandi og er gjaldskyldur
til ársloka, sbr. þó 72.—74. gr.

10

24. jan.

72. gr.

Nú ákveður útvarpsnotandi að hætta útvarpsnotum, og fer þá upp uppsögn útvarpsnota eins og fyrir er mælt í 55. gr.

Innheimtuskristofa Ríkisútvarpsins eða umboðsmaður hennar gerir þær ráðstafanir, er þurfa þykir, um innsíglun viðtækja þeirra manna sem sagt hafa upp útvarpsnotum.

73. gr.

Nú bilar viðtæki útvarpsnotanda og verður ónothæft, þrátt fyrir tilraunir til aðgerðar, og fellur þá niður gjaldskylda útvarpsnotandans, enda leggi hann fram vottorð löggilts viðgerðarmanns útvarpsviðtækja um það, hvenær viðtækið hafi orðið ónothæft og sannanlega alveg ónýtt.

74. gr.

Nú selur útvarpsnotandi viðtæki sitt, og fellur þá niður gjaldskylda hans frá söludegi, enda leggi hann fram yfirlýsingu kaupanda tækisins um það, að hann hafi gerzt eigandi að tækinu og teljist útvarpsnotandi frá þeim tíma. Vanræki útvarpsnotandi að tilkynna sölu viðtækis síns og hverjum það er selt, ber hann ábyrgð á afnotagjaldi vegna hins selda viðtækis.

75. gr.

Nú deyr útvarpsnotandi, og fer þá um greiðslu afnotagjalds hans eins og um önnur lögskil dánarbúsins.

76. gr.

Nú kaupir maður gjallarhorn og tengir við tæki útvarpsnotanda á öðru heimili, og telst hann þá útvarpsnotandi, enda er hann háður öllum skyldum útvarpsnotanda samkvæmt reglugerð þessari.

Útvarpsnotandi, sem þannig hagnýtir sér útvarp, er háður afleiðingum útvarpstruflana, sem eigandi viðtækisins kann að verða fyrir, meðal annars af bilunum viðtækis. Hann er og háður afleiðingum af vanskilum tækiseiganda eins og tækiseigandinn sjálfur.

77. gr.

Nú fyrirmunast útvarpsnotanda, sem um ræðir í 76. gr., útvarpsnot af þeim ástæðum, er greinir í 73. og 74. gr., og fellur þá niður gjaldskylda hans jafnsmemma og eiganda viðtækis. Ennfremur fellur niður gjaldskylda hans, ef honum fyrirmunast útvarpsnot vegna bústaðaskipta hans sjálfs eða tækiseiganda. Telst niðurfall gjaldskyldunnar frá þeim degi, er bústaðaskipti urðu.

Um úrskurði.

78. gr.

Heimilt er útvarpsstjóra að fela póstmeisturum, póstaftgreiðslumönnum og öðrum innheimtumönnum að úrskurða um gjaldskyldu útvarpsnotanda og niðurfall gjalda, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

Ef innheimtumaður er í vafa um, hversu skera skuli úr atriðum varðandi innheimtuna, leitar hann úrskurðar útvarpsstjóra. 10

24. jan.

Um undanþágu.

79. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum útvarpsstjóra, að undanþiggja frá afnotagjaldi af útvarpi fátæka, blindra menn, eftir nánari ákvæðum í reglugerð þessari.

80. gr.

Undanþágu samkvæmt 79. gr. geta orðið aðnjótandi þeir blindir menn, er fyrir sakir umkomuleysis og fátæktar eru á opinberu framfæri eða svo eignalausir sjálfir eða á framfæri manna, sem eru svo eignalitlir, að þeir teljast ekki færir um að greiða afnotagjald af útvarpi.

81. gr.

Meðan Blindravinafélag Íslands starfar, sendast því umsóknir blindra manna, samkvæmt 80. gr. Umsóknunum fylgi vottorð sóknarprests og hreppsnefndaroddvita eða fátækrafulltrúa um efnahagsástæður og heimilishætti hinna blindu manna, einnig skattaframtal húsráðanda. Stjórn Blindravinafélagsins gerir síðan tillögur sínar til skrifstofu útvarpsstjóra. Fallist útvarpsstjóri ekki á tillögur nefndarinnar, gefur hann stjórn Blindravinafélagsins kost á að ræða við sig um ágreininginn, áður en slíkar tillögur eru endanlega afgreiddar til úrskurðar.

82. gr.

Nú úrskurðar ráðherra, að fátækur, blindur maður skuli undanþeginn afnotagjaldi af útvarpi, og lætur skrifstofa Ríkisútvarpsins þá taka þann mann af dagskrá yfir gjaldskylda útvarpsnotendur og færa á sérstaka skrá.

Skrifstofa Ríkisútvarpsins sendir innheimtumönnum afnotagjalda og trúnaðarmönnum sínum ár hvert skrá um þá menn, sem njóta undanþágunnar í póstumdæmi þeirra, og felur þeim eftirlit með því, að viðtækin séu hagnýtt samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og misnotkanir eigi sér ekki stað í skjóli þessara hlunninda. Útvarpsstjóri setur í bréfi nánari reglur um, hvernig því eftirliti skuli hagað.

VII. KAFLI

Um einkasölu á útvarpsviðtækjum.

83. gr.

Ríkisstjórnin lætur reka einkasölu á viðtækjum fyrir útvarp, hlutum slíkra tækja og öðrum hlutum varðandi rekstur útvarps, sbr. 84. gr., og eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari. Einkasala þessi nefnist: „Viðtækjaverzlun ríkisins“.

10

24. jan.

84. gr.

Engum nema Viðtækjaverzlun ríkisins er heimilt að flytja hingað til lands frá útlöndum, né verzla með neina af eftirtöldum vörutegundum:

Hverskonar loftskýtavíðtæki og útvarpsvíðtæki, hvort heldur er fyrir hljóðvarp, myndavarp eða sjónvarp eða hluta til þeirra, svo sem magnaralampa, afriðilslampa, þétta, spólur, spennu, viðnám, rafgeyma, rafhlöður, gjallarhorn, heyrnartæki, útvarpstaugar, víra eða einangrara o. því., útvarpsgrammófóna og hluta þeirra, svo sem rafmagnshljóðdósir, grammófónhreyfla o. s. frv.

Magnara fyrir hátíðnisveiflur og hljóðsveiflur, svo og hluta þeirra.

Hleðslutæki og afriðla, sem eru gerðir fyrir útvarpsrafgeyma.

Mælitæki, sem eru sérstaklega ætluð til mælinga útvarpsvíðtækja eða starfrækslu útvarps að öðru leyti.

Hljóðnema, hljóðritunartæki og hverskonar önnur tæki, sem eru sérstaklega ætluð fyrir starfrækslu útvarps.

Útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar og hluta þeirra.

Undanþegnar einkasölu þessari eru loftskýtastöðvar (þ. á m. radióvitar) og dýptarmælar. Landssímanum er heimilt að flytja inn loftskýtatæki og önnur slík tæki af framangreindum vöruflokkum, sem hann þarfnast beinlínis vegna starfrækslu sinnar, enda séu slík víðtæki aðeins notuð í afgreiðslustofum landsímans og í þágu starfrækslu hans.

85. gr.

Ríkisstjórnin ræður framkvæmdarstjóra einkasölunnar og ákveður laun hans. Framkvæmdarstjórinn sér um daglegan rekstur einkasölunnar, hefir á hendi fjárreiður hennar og reikningshald. Hann ræður aðra starfsmenn einkasölunnar og ákveður laun þeirra, að fengnu samþykki kennslumálaráðherra. Reikningsár einkasölunnar er almanaksárið. Fyrir 1. marz ár hvert skal framkvæmdarstjóri einkasölunnar senda glögg reikningsskil fyrir undanfarið starfsár til ríkisstjórnarinnar og til skrifstofu útvarpsstjóra.

86. gr.

Reikningar einkasölunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum ríkissjóðs.

87. gr.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar. Verzlunarhagnaði öllum, sem verða kann á einkasölunni, skal varið til útvarpsreksturs og útvarpsnota, sbr. 2. gr. Verzlunarhagnaðurinn greiðist í ríkissjóð sem innlánsfé Ríkisútvarpsins og skal varið fyrst og fremst til þess að standa straum af lánum Ríkisútvarpsins og til nýrra framkvæmda.

88. gr.

Framkvæmdarstjóri einkasölunnar skal að jafnaði, og eigi sjaldnar en annan hvern mánuð, halda fund með útvarpsstjóra og verkfræðingi Ríkisút-

varpsins og ákveða í samráði við þá, hverjar tegundir útvarpsviðtækja einkasalan hefir á boðstólnum á hverjum tíma, svo og um varahlutabirgðir, ýmislega aðstoð við útvarpsnotendur og hvaða verði tækin skuli seld, og skal þá engu síður tekið tillit til aukinna tekna Ríkisútvarpsins af vaxandi notendafjölda heldur en verzlunarhagnaðar af einkasölunni. 10
24. jan.

Forstjóra Viðtækjaverzlunar ríkisins er á hverjum tíma skylt að ræða við útvarpsstjóra allar þær ráðstafanir, sem mjög varða hag verzlunarinnar og um leið Ríkisútvarpsins. Þeir skulu og taka sameiginlega ákvarðanir um það, hver svör skuli veita undanfærslum manna frá greiðslu afnotagjalds af útvarpi vegna bilaðra eða lélegra viðtækja.

89. gr.

Einkasalan gerir samninga við menn eða félög út um land, eins marga og þörf krefur, um að hafa á hendi sölu viðtækja, ásamt uppsetningu viðtækja gegn sanngjarnri greiðslu, eftir nánari ákvæðum í samningi. Hún skal kosta fyllsta kapps um að tryggja með samningi örugg skil af hálfu útsölumanna. Þóknun útsölumanna skal vera tiltekinn hundradshluti af útsöluverði tækis eða tækishluta, eftir nánari ákvæðum í samningi. Einkasölunni er heimilt að veita útsölumönnum, ef nægar tryggingar eru fyrir hendi, sérstakan gjaldfrest á viðtækjum, sem eru seld afborgunarsölu.

90. gr.

Heimilt er hverjum landsmanni að panta hjá einkasölunni hvaða viðtæki, sem faánlegt er á heimsmarkaðinum, og útvegar hún það, þegar engir sérstakir örðugleikar eru fyrir hendi.

91. gr.

Viðtækjaverzlun ríkisins og umboðsmenn hennar út um land færa nákvæma skýrslu um seld viðtæki og nýja útvarpsnotendur, og skal í skýrslunni tilgreint það, er hér segir:

1. Hlaupandi númer seldra viðtækja.
2. Söludagur viðtækis.
3. Nafn kaupanda.
4. Atvinna kaupanda.
5. Heimilisfang kaupanda, nákvæmlega tilgreint.
6. Hvort kaupandi er nýr útvarpsnotandi.
7. Hvort kaupandi hefir áður verið útvarpsnotandi.
8. Hvort eldra viðtæki hans er tekið úr notkun og ónýtt.
9. Hvort því er skilað eða selt og ef svo er:
10. Hver er hinn nýi eigandi viðtækisins.

Skýrslur um seld viðtæki skulu sendar í ábyrgðarpósti þegar við lok hvers mánaðar til skrifstofu Ríkisútvarpsins í Reykjavík. Sé ekkert selt í mánuðinum, sendist skýrsluformið eigi að síður útfyllt og undirritað.

Útvarpsstjóri lætur prenta skýrsluform samkvæmt fyrirmælum þessum og

10 hefir umsjón með, að ávallt séu nægar birgðir af skýrsluforminu á hverjum 24. jan. útsölustað.

Forstjóra Viðtækjaverzlunarinnar er á hverjum tíma skylt að hlíta fyrir-mælum útvarpsstjóra um allt það, er lýtur að framangreindri skýrslugerð og allt það, er varðar eftirlit með útvarpsnotum í landinu.

Útvarpsstjóra er heimilt að fela póstafgreiðslumönnum að fylgjast með þessari skýrslugerð útsölumanna Viðtækjaverzlunarinnar vegna innheimtu af-notagjalda.

VIII. KAFLI

92. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Þó skulu brot gegn 84. gr. varða sektum frá 200—2000 kr.

Hvert það viðtæki eða hluti tækis, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið með sem almenn lögreglumál.

Með reglugerð þessari er úr gildi numið:

1. Reglugerð um skipulag og rekstur útvarps, dags. 22. nóv. 1930.
2. Reglugerð um einkasölu á útvarpstækjum, dags. 31. okt. 1930.
3. Reglugerð um innheimtu afnotagjalda fyrir útvarp, dags. 8. jan. 1932.
4. Reglugerð um breyting á reglugerð, dags. 8. jan. 1932, um innheimtu af-notagjald fyrir útvarp.
5. Reglugerð um hagnýtingu útvarps, dags. 14. marz 1931.
6. Reglugerð um kosningu af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð, dags. 15. jan. 1935.
7. Reglugerð um viðauka við reglugerð, dags. 15. jan. 1935, um kosningu af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð, dagsett 5. febrúar 1935.

Kennslumálaráðuneytið, 24. janúar 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Ragnar Bjarkan.